

Nefndasvið Alþingis,  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. september 2016  
2016090013/42-1-1  
TB  
jgo/tb

### Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, 841. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við frumvarp til stjórnarskipunarlaga, 841. mál. um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (umhverfisvernd, náttúruauðlindir, þjóðaratkvæðagreiðslur).

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin mjög mikilvægt að framangreint frumvarp nái fram að ganga, sérstaklega það sem snýr að náttúru Íslands, enda mun það styrkja meginmarkmið laga um náttúru- og umhverfisvernd. Stofnunin telur að betur færi að gæta samræmis i texta 79. greinar og leggur því til að síðasta setning greinarinnar orðist svo: Í lögum skal mælt fyrir um rétt almennings til upplýsinga um **náttúruna og umhverfið** og áhrif framkvæmda á það svo og til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á **náttúruna og umhverfið**.

Jafnframt telur Náttúrufræðistofnun að betur fari að orða 3. mls. 1. mgr. 79. gr. svona: Stuðlað skal að því að fjölbreytni náttúrunnar sé viðhaldið og þróun lífríkis og viðgangur tryggður.

Virðingarfyllst

  
Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

  
Trausti Baldursson

